Ingólfur Guðbrandsson

Ingólfur Guðbrandsson fimm ára á Breiðabólsstað á Síðu.
Ljósmynd: Byggðasafnið í Skógum.

Ingólfur Guðbrandsson fæddist á Kirkjubæjarklaustri 6. mars árið 1923. Hann var sonur hjónanna Guðbrands Guðbrandssonar og Guðrúnar Auðunsdóttur, sem voru bændur á Prestbakka á Síðu.

Móðir Ingólfs missti móður sína þegar hún var 5 ára gömul og fór þá í fóstur til prestshjónanna að Prestbakka, séra Magnúsar Bjarnarsonar prófasts og Ingibjargar Brynjólfsdóttur. Fimm árum síðar, árið 1905 fór Guðbrandur faðir Ingólfs í fóstur að Prestbakka, þá 13 ára gamall. Guðbrandur og Guðrún felldu síðar hugi saman og hófu búskap í húsmennsku hjá Elíasi Bjarnasyni og konu hans Pálínu á Hunkubökkum árið 1916. Elías Bjarnason var menntafrömuður í sveitinni, hann rak skóla þar sem sungið var daglega og lék vel á orgel. Elías fluttist til Reykjavíkur árið 1920 og hóf kennslu í Miðbæjarskólanum.

Árið 1920 fluttu hjónin Guðrún og Guðbrandur að Kirkjubæjarklaustri en þar fæddist Ingólfur 1923 og systir hans, Rósa, 1926.

Árið 1927 fluttist fjölskyldan að bænum Hátúnum í Landbroti og hófu þar búskap. Á næsta bæ var orgel og opnaðist þar hljómaheimurinn Ingólfi fimm ára gömlum.

Árið 1931 fengu foreldrar Ingólfs Prestbakka til ábúðar. Ingólfur var þá 8 ára gamall. Tónlistin lyftist þá í hærri hæðir fyrir músíkölsku barni, því í kirkjunni var vandað hljóðfæri sem Elías Bjarnason hafði valið.

Það var fleira sem nærði tónlistaráhuga þessa unga drengs. Organisti kirkjunnar var ungur maður í sveitinni, Helgi Þorláksson frá Múlakoti, sem hafði sótt tíma í orgelspili hjá Páli Ísólfssyni og svo voru tónlistarþættir Páls Ísólfssonar í útvarpinu og hin stóru verk tónbókmenntanna sem útvarpið flutti. Það var tónlistarlífið í sveitinni sem drengurinn sogaði til sín, söngurinn í skólanum, tónlistin í kirkjunni og tónlistin í útvarpinu.

Haustið 1940 settist Ingólfur á skólabekk í Kennaraskólanum í Reykjavík, 17 ára gamall. Námið var þrjú ár og hvatti tónlistarkennari skólans, Guðmundur Matthíasson, Ingólf til að sækja frekara nám í tónlist eftir að hann lauk almennu kennaraprófi og söngkennaraprófi vorið 1943.

Samnemandi Ingólfs í Kennaraskólanum var Inga Þorgeirsdóttir, ættuð frá Hlemmiskeiði á Skeiðum, afar söngvin og glæsileg stúlka. Þau felldu hugi saman, giftu sig vorið 1943, og voru gift í 19 ár. Ingólfur og Inga eignuðust 5 dætur, Þorgerði, Rut, Vilborgu, Unni Maríu og Ingu Rós. Inga átti mjög stóran þátt í öllu uppbyggingarstarfinu í tónlistinni meðan þau Ingólfur voru gift. Hún kenndi við Laugarnesskólann samtímis Ingólfi og áfram um áratuga skeið og meðan hann var erlendis í námi tók hún að sér kennsluna hans líka.
Eiginkona Ingólfs árin 1964 til 1968 var Laufey Kristjánsdóttir og eignuðust þau tvö börn, Evu Mjöll og Andra Má. Barnsmóðir Ingólfs var Sigrún E. Árnadóttir og sonur þeirra er Árni Heimir. Öll börn Ingólfs lærðu á hljóðfæri og hafa sex þeirra haft tónlist að lífsstarfi.

Ingólfur og Inga í tilhugalífinu á Prestbakka.



Guðbrandur Guðbrandsson, faðir Ingólfs.

Guðrún Auðunsdóttir, móðir Ingólfs.



Ingólfur um tvítugt.



Prestbakki á Síðu.

Ingólfur heldur á dætrum sínum, Ingu Rós og Unni Maríu.
Fyrir aftan frá vinstri: Vilborg, Þorgerður og Rut.

Eva Mjöll og Andri Már.

Árni Heimir.

Frumkvöðull í tónlistaruppeldi og kórsöng

Fiðlusveitin ásamt Ruth Hermanns í Laugarnesskólanum 1955.

Ingólfur var ráðinn kennari við Laugarnesskólann 1943. Hófst þar með farsælt og glæsilegt starf Ingólfs að íslenskum tónlistarmálum sem átti eftir að vara marga áratugi. Áhrifa Ingólfs innan Laugarnesskólans fór strax að gæta. Hann bryddaði upp á ýmsum nýjungum í tónlistarkennslu og stofnaði Barnakór Laugarnesskóla sem söng á skemmtunum skólans og á almennum hátíðum í bænum. Áður en varði voru kórarnir orðnir tveir, fyrir yngri og eldri nemendur. Ingólfur lagði mikla áherslu á að öll börn tækju þátt í söng. Hann kom því á þeirri hefð sem enn ríkir í Laugarnesskóla að allir nemendur komi saman í morgunsöng á ákveðinni stundu hvern skóladag. Hann gerði nýja söngskrá fyrir hverja viku þar sem einkum voru ættjarðarsöngvar og þjóðlög auk árstíða- og tækifærissöngva. Þá voru kennarar skólans einnig fyrsti vísirinn að röddum sem síðar hljómuðu í Pólýfónkórnum.

Úr kennslustund í Barnamúsíkskólanum.

Eitt af því sem Ingólfur vildi vekja áhuga nemendanna á var hljóðfæraleikur. Hafin var söfnun til að kaupa hljóðfæri fyrir skólann og var fénu m.a. safnað með tónleikum barnakórsins en auk þess komu nokkrir af þekktustu tónlistarmönnum landsins fram á söfnunartónleikum. Ruth Hermanns fiðluleikari var ráðin fiðlukennari við skólann.

Undirbúningurinn skilaði sér í að á þriðja tug nemenda lék í fiðlusveitinni. Nemendur fengu hljóðfærin lánuð en greiddu hluta kennslugjalds. Fiðlusveitin kom fram við ýmis tækifæri og einnig á sömu tónleikum og kórarnir. Kórstarfið blómstraði og voru kórarnir þrír; kór yngri nemenda, kór eldri nemenda og kór framhaldsdeildar. Kennslan hafði meðal annars þau áhrif á eldri nemendur að þeir stofnuðu plötuklúbb við skólann og hlustuðu á klassíska tónlist undir leiðsögn Ingólfs.

Tónleikahald kóranna og Fiðlusveitarinnar í Gamla bíói – og síðar í Austurbæjarbíói – varð árviss viðburður. Starfi Ingólfs á þessu sviði var þegar orðinn áberandi í íslensku skólastarfi og fyrirmynd annarra í þeim efnum. Tónlistarkennsla í almenna skólakerfinu á þessum árum var heldur bágborin. Kennsluefni skorti og menntun kennara var ábótavant. Ingólfur bætti hér úr og átti eftir að leggja sinn skerf til framfara á þessu sviði. Starfi hans í Laugarnesskólanum lauk vorið 1957 með glæstum tónleikum í Austurbæjarbíói.

Þýski sellóleikarinn dr. Heinz Edelstein sem bjó hér um tveggja áratuga skeið, og lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá stofnun, hvatti til stofnunar Söngkennarafélags Íslands um áramótin 1951-2. Um sama leyti gekkst dr. Edelstein fyrir stofnun Barnamúsíkskóla Reykjavíkur. Árið 1956 fór dr. Edelstein til dvalar í Þýskalandi vegna heilsubrests og tók þá Ingólfur Guðbrandsson við stjórnun skólans og stýrði honum í tvö ár. Skólinn starfaði í þakherbergi í Austurbæjarskólanum en fékk síðar húsnæði á rishæð lðnskólans í Reykjavík. Í þessu húsnæði æfði Pólýfónkórinn fyrstu árin.

Paul Nitsche, sem var mikill frumkvöðull hvað varðar kórstjórn, kórsöng og ekki síst söngkennslu barna, kom sumarið 1954 og hélt námskeið fyrir meðlimi Söngkennarafélagsins. Koma Nitsche til Íslands, bæði 1954 og með ungmennakór sinn 1955, varð til þess að Ingólfur fór til Kölnar til náms árið 1955. Þar innritaðist hann í Die Staatliche Hochschule für Musik þar sem aðalkennari hans var Paul Nitsche. Þar nam Ingólfur kennslufræði, sálarfræði, þýsku, ítölsku, söng, kórstjórn og píanóleik. Þá kynntist Ingólfur verkum Bachs í lifandi flutningi og má segja að starf hans að tónlistarmálum á Íslandi endurspeglist í dvölinni í Köln.

Ingólfur var orðinn þekktur í íslensku skólalífi fyrir störf sín í Laugarnesskólanum þegar menntamálaráðherra sýndi þá framsýni að skipa hann námsstjóra í tónlist 1956. Ingólfur fékk meðal annars opinberan styrk til að kynna sér tónlist í norrænum skólum, einkum í Svíþjóð. Staða söngkennara var bágborin á þessum árum. Allt skorti, hljóðfæri, námsefni og þekkingu. Beitti Ingólfur sér meðal annars fyrir útgáfu vandaðrar söngbókar, *Fimmtíu fyrstu söngvar* árið 1957. Hann gaf svo bókina út aftur 1960 með myndskreytingum Barböru Árnason og var lítil hljómplata gefin út með bókinni.
Lítill skilningur var á útgáfu bókarinnar, og nauðsyn hennar, og heldur ekki á annarri bók með 200 völdum söngvum fyrir börn sem Ingólfur hafði undirbúið, en aldrei kom út. En Ingólfur barðist, ferðaðist um allt land, hélt námskeið fyrir söngkennara í öllum landshlutum sem og í Reykjavík.

Kór Laugarnesskóla ásamt Ingólfi 1955.

Stofnun Pólýfónkórsins

Í starfi Ingólfs við Barnamúsíkskólann beitti hann þeirri þekkingu í kennslunni, samsöng og hljóðfæraleik nemenda. Kórnum til styrktar kallaði hann til nokkrar raddir sem sungið höfðu í kór hans í Laugarnesskólanum. Árangurinn var jólatónleikar í Kristskirkju árið 1957 þar sem Páll Ísólfsson lék á orgelið. Þessir tónleikar eru skilgreindir sem fyrstu tónleikar Pólýfónkórsins (þó kórinn hafi þá ekki fengið nafn).

Hefst nú 30 ára saga þessa einstaka fyrirbæris í íslenskri tónlistarsögu – kórstarfsemi sem opnaði þjóðinni kórtónlist frá endurreisnar- og barokktímabilinu, tónlist sem í mörgum tilfellum hafði aldrei heyrst á Íslandi.

Allt frá upphafi var mikil aðsókn að tónleikum kórsins og umfjallanir um söng kórsins í flestum tilfellum lofsamlegar. Vakti efnisvalið oftast sérstaka athygli, tónlist frá 16. og 17. öld og ekki síst, sem var einkenni kórsins alla tíð, hinn hreini og bjarti söngur. Ingólfur lagði ávallt áherslu á raddþjálfun kórfélaga og fékk söngvara til að leiðbeina kórfólkinu.

Kórinn flutti ekki aðeins tónlist liðinna alda, heldur einnig verk 20. aldar tónskálda, og ný verk eftir ung íslensk tónskáld. Má í því sambandi nefna *Messu* eftir Gunnar Reyni Sveinsson sem vakti mikla athygli árið 1962. Kórinn flutti mörg tónverk eftir íslenska höfunda á komandi árum.

Efnistök kórsins á 7. áratugnum voru helst kirkjulegs eðlis, mótettur og kantötur auk smærri verka, flutningur einkum með orgeli. En fljótlega fóru að heyrast óskir um að kórinn kæmi fram með hljómsveit. Það var svo árið 1964 að kórinn flutti þætti úr Jólaóratoríu Bachs með 20 manna kammersveit og þremur einsöngvurum.

Mörg stórvirki tónbókmenntanna voru flutt, m.a. með frábærum erlendum einsöngvurum sem Ingólfur gat keypt til landsins vegna sambanda sinna í ferðamennskunni og með kammersveit undir handleiðslu Rutar dóttur hans, sem var konsertmeistari í öllum eða langflestum uppfærslum á stærri verkum sem hann stjórnaði og setti upp.

Pólýfónkórinn í söngferð um Bretland 1961.

Pólýfónkórinn 1960.

Ingólfur hafði fulla trú á því að fólk hefði áhuga á að koma á þessa stóru viðburði og þess vegna bauð hann upp á þrenna tónleika í Háskólabíói, m.a. í dymbilvikunni og um jólin, sem var stórkostlegt og alltaf fullt hús og setti flutning þessara stórverka alveg í nýtt samhengi miðað við það sem áður þekktist.

Þarna var brotið blað í sögu kórsins. Hann var byrjaður að kynna verk barokkmeistaranna sem náðu hæðum á 7. áratugnum þar sem kórinn í fyrsta sinn flutti þjóðinni stærstu kórverk barokktímans með hljómsveit og einsöngvurum.

Það var mikið verkefni að ráðast í að flytja hin stóru kórverk tónbókmenntanna. Til þess þurfti að styrkja kórinn og ekki síst, þjálfa nýja söngvara. Mikil ásókn söngáhugafólks var í að komast í kórinn og urðu mörg frá að hverfa eftir að hafa þreytt inntökupróf. En eftir stóð stór hópur valinna kórsöngvara sem um leið fékk metnaðarfulla raddþjálfun og var þetta upphafið að stofnun Kórskóla Pólýfónkórsins 1971, sem átti eftir að starfa á komandi árum. Mörg þeirra, sem þarna stigu sín fyrstu skref í söng, áttu eftir að ná miklum árangri á söngsviðinu.

Árið 1972 var kominn grunnur að því að flytja verk eins og *Mattheusarpassíuna*, en flutningur hennar var ekki aðeins hátíðarstund í íslensku tónlistarlífi heldur þrekvirki þar sem heildarumsjón hvíldi á herðum eins manns. Eftir flutninginn á *Mattheusarpassíunni* var svo mikill hugur í Ingólfi og kórnum að strax í desember sama ár flutti kórinn kafla úr *Jólaóratoríunni* eftir Bach í Háskólabíói, *Jóhannesarpassíuna* eftir Bach í apríl 1974 og *Messías* eftir Händel í mars 1975. *H-moll messa* Bachs var svo flutt ári síðar. Sum þessara verka átti kórinn eftir að flytja aftur, bæði á Íslandi og erlendis.

Pólýfónkórinn

Pólýfónkórinn var blandaður kór sem starfaði í Reykjavík frá 1957 til 1988. Stofnandi hans og stjórnandi alla tíð var Ingólfur Guðbrandsson. Kórinn hélt um 400 tónleika á ferli sínum og fór í níu söngferðir út fyrir landsteinana. Tónleikar kórsins voru margir teknir upp af Ríkisútvarpinu og kórinn kom nokkrum sinnum fram í Sjónvarpi. Pólýfónkórinn var fyrstu árin skipaður milli 40 og 50 kórfélögum en síðustu árin oft yfir 100 manns. Þátttakendur voru flestir á jólatónleikum kórsins árið 1978, 150 talsins. Á níunda hundrað kórfélaga komu fram í nafni kórsins, ríflega 100 hljóðfæraleikarar og um 60 einsöngvarar.

Flutt voru um 200 tónverk eftir rösklega 70 höfunda. Mikil áhersla var lögð á flutning kirkjulegrar barokk-tónlistar frá 16. og 17. öld og kórinn tókst á við stór verkefni á borð við *Jólaóratoríu*, *Jóhannesarpassíu*, *Mattheusarpassíu* og *H-moll messu* Bachs og *Messías* Händels. Í nokkrum tilvikum frumflutti kórinn þessi stóru verk á Íslandi og stóð fyrir óstyttum flutningi þeirra í fyrsta sinn hér á landi. Töluverð áhersla var lögð á íslenska og erlenda nútímatónlist og stóð kórinn að frumflutningi nokkurra nútímaverka hér á landi.

Að loknum tónleikum í Sevilla á Spáni 1982.

Tónleikar Pólýfónkórsins fyrstu árin

Dr. Sigurbjörn Einarsson minnist fyrstu tónleika Pólýfónkórsins þegar hann lítur yfir farinn veg á 30 ára afmæli kórsins 1988:

Þegar Pólyfónkórinn kom fyrst fram, mátti öllum, sem unna sönglist vera ljóst, að þar var íslensk söngvaharpa stillt og knúin með nýjum hætti, af miklum listrænum metnaði, sérstæðu næmi og leikni. Verkefnaval og túlkunarmáti var nýlunda hérlendis, þjálfun radda og söngstjórn með fersku og áhrifamiklu yfirbragði. Það var mér minnisstæð reynsla að njóta hinna fyrstu tónleika kórsins. Svipur og framkoma þessa reifabarns gáfu tilefni til mikilla vona. Þær hafa ræst. Það er óhætt að segja nú, þegar barnsskórnir eru löngu slitnir og kórinn hefur öruggum skrefum sótt fram um árabil, borinn upp af eldmóði, sem engir erfiðleikar hafa náð að slæva.

Páll Ísólfsson segir um kórinn eftir tónleika í Gamla bíói, árið 1959:

Ingólfur Guðbrandsson hefur þegar unnið mikið og gott starf fyrir sönglistina. Pólýfónkórinn ber þessu starfi beztan vottinn. Hann er þegar orðinn svo vel þjálfaður, að unun er að hlusta á hann flytja hin vandsungnu lög eftir meistarana frá 16. og 17. öld en á þeim tíma blómstraði kórsöngurinn og náði í mörgum greinum einna hæst.

Í gagnrýni um tónleika Pólýfónkórsins árið 1960 segir Björn Franzson:

Pólýfónkórinn er stofnaður haustið 1957 og er því ekki nema hálfs þriðja árs eða þar um bil. Samt er hann þegar orðinn mikilvæg stofnun í menningarlífi höfuðstaðarins, stofnun sem margir myndu sakna mjög tilfinnanlega, ef svo illa skyldi til takast, að hún legðist niður. Ber þar einkum þrennt til: Fyrst það, hversu vandlátur og smekkvís kórinn eða stjórnandi hans er í vali verkefna sinna, það annað, að kórinn flytur nær eingöngu þá tegund verðmætrar tónlistar, sem oss myndi gefast lítill kostur að hlýða á, ef hans nyti ekki við, og svo það hið þriðja, hversu hann vandar til flutnings á öllu því, er hann velur sér til meðferðar.

Árið 1961 var viðburðarríkt í starfi kórsins. Haldnir voru tónleikar í Kristskirkju í apríl og desember, í Gamla bíói og í Keflavík, auk þess sem kórinn fór í sín fyrstu utanlandsferð um sumarið, til Englands og Wales þar sem hann tók þátt í alþjóðlegri kórakeppni. Kórinn var valinn í þriðja sæti í keppni kóranna sem voru frá 27 löndum. Eftir keppnina fór kórinn í tónleikaferð um Bretland og á efnisskránni var bæði kirkjuleg og veraldleg tónlist. Kórinn söng einnig í BBC í London.

Í júní 1964 söng kórinn í Kristskirkju á Listahátíð í Reykjavík og í september á vegum Musica Nova. Leifur Þórarinsson segir eftir tónleika í Kristskirkju í apríl:

Söngur Pólýfónkórsins vekur ávallt verðskuldaða athygli, þá er hann lætur heyra í sér hér í bæ. Hljómleikar hans undanfarin sex eða sjö ár hafa orðið öllum tónlistarunnendum mikið fagnaðarefni, því þar hefur ávallt mátt heyra vandaða og oft eftirminnilega efnisskrá, flutta af góðri smekkvísi og áhuga. Söngstjórinn Ingólfur Guðbrandsson á hér fyrst og fremst skildar þakkir fyrir, enda má segja, og þar er ekki verið að draga úr afrekum annarra dáindismanna, að starf hans hafi valdið straumhvörfum í söngmálum hér á landi.

Á vortónleikum kórsins í Kristskirkju árið 1965 flutti kórinn eitt af höfuðverkum kirkjutónlistarinnar *Stabat Mater* eftir Palestrina og var þetta fyrsti flutningur á verkinu hér á landi. Kórinn var tvískiptur í verkinu og segir Þorkell Sigurbjörnsson í umsögn um tónleikana að flutningur kórsins á því hafi verið þrekvirki. Á sömu tónleikum var einnig kynnt hér á landi verkið *Agnus Dei* eftir Þorkel Sigurbjörnsson.

Í mars1967 ár réðst Pólýfónkórinn í flutning *Jóhannesarpassíu* Bachs með kammerhljómsveit og fimm einsöngvurum. Tónleikarnir voru haldnir í Kristskirkju og í Laugardalshöllinni. Atli Heimir Sveinsson segir í gagnrýni um tónleikana:

Það er mikill viðburður í okkar fábreytta menningarlífi að Jóhannesarpassía Bachs skuli hafa verið flutt hér um páskana. Verkið er eitt mesta afrek í allri menningarsögu Vesturlanda og kristninnar.

Árið 1968 var ráðist í að frumflytja *H-moll messu* Bachs á Íslandi, nær óstytta. Kórinn var þá skipaður 62 kórfélögum en auk hans komu fram fjórir einsöngvarar og 30 manna hljómsveit. Halldór Haraldsson segir í umsögn um tónleikana:

Það er ekki lítil ákvörðun að ráðast í það stórvirki að flytja H-moll messu Bachs, þessa svimandi stóru smíð, sem oft er litið á eins og eitt af mikilfenglegustu afrekum mannsandans, eiginlega eitt af furðuverkum veraldar. Það hlýtur því að hafa tekið forvígismann þessa fyrirtækis svolítinn tíma að taka slíka ákvörðun, mikla íhugun, langan og strangan undirbúning. En þetta stóra skref var stigið og það á undraverðum tíma. Á aðeins fjórum mánuðum var verkið æft og síðan flutt hér í fyrsta sinn, 9. apríl að Kristskirkju, Landakoti. Geta má þess að erlendis tekur yfirleitt heilt ár að undirbúa þetta verk.

Á norrænu kirkjulistarmóti í Kristskirkju 1970 frumflutti kórinn meðal annars verkið Requiem eftir Pál P. Pálsson ásamt því að flytja verk eftir Hallgrím Helgason. Kórinn fór í sína þriðju utanlandsferð til Austurríkis í júlí, en þar hélt hann sjálfstæða tónleika í Dómkirkjunni í Graz, í tengslum við Europa Cantat IV.

Pólýfónkórinn á Europe Cantat IV í Graz í Austurríki 1970.

Í bakgrunni: Frumflutningur *Mattheusarpassíu* J. S. Bach í Háskólabíói 1972.

Tónleikar Pólýfónkórsins á 8. og 9. áratugnum

Árið 1973 markaði tímamót í sögu kórsins því auk þess að halda tónleika í Kristskirkju, Austurbæjarbíói og Skálholtskirkju fór kórinn í tónleikaferð til Danmerkur og Svíþjóðar og söng inn á sína fyrstu hljómplötu. Árið 1974 flutti kórinn *Jóhannesarpassíu* Bachs í Háskólabíói ásamt kammerhljómsveit og sjö einsöngvurum. Þetta var fyrsti heildarflutningur á verkinu hér á landi. Kórinn var þarna skipaður 100 félögum og hljómsveitin taldi 30 hljóðfæraleikara, undir forystu Rutar Ingólfsdóttur.

Í mars 1975 flutti kórinn svo *Messías* eftir Händel í Háskólabíói. Tónleikunum var vel tekið og segir Jón Ásgeirsson í Morgunblaðinu:

Tónleikar Pólýfónkórsins hafa ávallt verið gæddir galdri og stundum all mögnuðum, en aldrei eins miklum og nú, við flutning Messíasar.

Jón Kristinn Cortes skrifar í Vísi:

Ingólfur Guðbrandsson má vera stoltur af Pólýfónkórnum. Margar perlur tónbókmenntanna hefur kórinn flutt fyrir landsmenn, en ég held að aldrei hafi honum tekist eins vel í heildina eins og með Messías. Að geta æft og haldið saman 150 manna kór er þrekvirki í sjálfu sér, sérstaklega ef þess er gætt, að minnstur hluti kórfólksins er tónlistarmenntaður, og einnig verður að hrósa kórnum fyrir áhuga og elju, því mörg kvöldstundin hefur farið í æfingar, hefi ég aldrei séð eins stífa æfingatöflu og hjá Pólýfónkórnum fyrir þetta verk.

Í apríl 1980 var *Litla helgimessan* (Petite Messe Solennelle) eftir Rossini flutt í Háskólabíói og ári síðar flutti kórinn *Jóhannesarpassíu* Bachs í heild sinni í Háskólabíói með kammerhljómsveit og átta einsöngvurum. Flutningur passíunnar hlaut lofsamlega dóma og segir Leifur Þórarinsson í umsögn um tónleikana:

Ég held [..] að sjaldan eða aldrei hafi heyrst hér betri kórsöngur, í það minnsta man ég ekki eftir því.

Árið 1982 var viðburðaríkt í sögu kórsins. Ekki aðeins var sett upp stærsta uppfærsla kórsins fram að þeim tíma, heildarflutningur á *Mattheusarpassíu* Bachs, heldur fór kórinn í velheppnaða söngför til Spánar, að undangengnum tónleikum í Háskólabíói. Starfsárinu lauk svo með jólatónleikum í Kristskirkju.

Í flutningi á *Mattheusarpassíunni* fékk kórinn, sem þá var skipaður 133 manns, til liðs við sig Hamrahlíðarkórinn með 78 félaga og Kór Öldutúnsskóla með 41 félaga. Hljóðfæraleikarar og einsöngvarar voru 50 samtals. Tónleikunum var afar vel tekið og sagði Thor Vilhjálmsson í umsögn sinni:

Það er árvisst undur og kraftaverk að Ingólfur Guðbrandsson ofurhugi flytur okkur hin stærstu kórverk tónbókmenntanna, með sínu vaska liði; og hefur komið sér upp dýrlegu hljóðfæri sem er Pólýfónkórinn.

Fyrir ferð kórsins og kammersveitar til Spánar sem farin var í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu voru haldnir tónleikar í Háskólabíói með sömu efnisskrá og sungin var í ferðinni. Þar bar til tíðinda að frumfluttir voru hlutar úr óratóríunni *Eddu* eftir Jón Leifs. Jón Ásgeirsson segir um þann flutning:

Í þessum fáu tónhendingum úr Eddu Jóns Leifs sem Pólýfónkórinn flutti undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar, sá ég ægiþrunginn svip þrumuguðsins Þórs, stórbrotna heimsmynd heiðindómsins, samblædda sögu manns og foldar, frumþætti lífshelgunar, sem er sameiginlegur grunnur allra trúarbragða.

Kaflarnir úr Eddu höfðu mikil áhrif á tónleikagesti á Spáni en á verkefnaskránni þar voru auk þeirra *Gloría* eftir Poulenc, Vatnamúsík eftir Händel, verk eftir Buxtehude, tveir fiðlukonsertar þar sem Unnur María Ingólfsdóttir og Þórhallur Birgisson léku einleik og kórar úr Messíasi. Tónleikar voru haldnir á fimm stöðum; í Malaga, Marbella, Nerja, Granada og Sevilla.

Í júlí 1985 söng kórinn á Ítalíu, í Kirkju San Ignazio í Róm, í Asissi, Ítalíu, á Alþjóðlegu tónlistarhátíðinni, í Santa Croce kirkjunni í Flórens, í Markúsarkirkjunni í Feneyjum og fyrir Jóhannes Pál II páfa í Vatikaninu. Einleikarar í Ítalíuferðinni 1977 voru Unnur María og Rut Ingólfsdætur.

Í bakgrunni: Frá tónleikum Pólýfónkórsins í Granada á Spáni 1982.

Í desember 1986 leiddu kórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands enn saman hesta sína og fluttu *Messías* eftir Händel í hinni nývígðu Hallgrímskirkju. Um var að ræða fyrsta heildarflutning verksins á Íslandi. Í umfjöllun sinni um tónleikana segir Jón Ásgeirsson:

Í bráðum þrjátíu ár hefur Pólýfónkórinn staðið fyrir stórtíðindum í flutningi kórtónlistar hér á landi, auk þess sem söngtækni sú sem einkennt hefur kórinn frá upphafi markaði tímamót í söngsögu Íslendinga. [..] Stjórnandanum, Ingólfi Guðbrandssyni, verður seint þakkað framlag hans til söngmenntar í þessu landi. Áheyrendur þakka honum með því að sækja tónleika kórsins af hreinni ástríðu og þörf. Þar í er fólgin sú viðurkenning að starf Ingólfs og Pólýfónkórsins hafi ávaxtast eins og segir í dæmisögunni og sannaðist í glæsilegum flutningi Messíasar að þessu sinni.

Síðustu tónleikar Pólýfónkórsins voru haldnir í nóvember 1988 í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónleikarnir fengu góðar viðtökur hjá áhorfendum jafnt sem gagnrýnendum. Þeir voru teknir upp og gefnir út af Pólýfónfélaginu árið 2008.

Sungið fyrir Jóhannes Pál II páfa í Vatikaninu 1985.

Útgáfur Pólýfónkórsins

Árið 1973 fór kórinn í tónleikaferð til Danmerkur og Svíþjóðar og söng inn á sína fyrstu hljómplötu. Upptakan var gerð hjá sænska útvarpinu í Stokkhólmi í júní og fyrirtækið RCA gaf plötuna út (sjá YSVL 1-526). Gefnar voru út sex hljómplötur með flutningi kórsins á árunum 1973-1986.

Kórskóli Pólýfónkórsins var starfandi um árabil og kórinn gaf út nokkra tónleika á plötum og geisladiskum.

Pólýfónfélagið var stofnað í maí 2006 með það að markmiði að varðveita margvísleg gögn, nótur og útgefið efni Pólýfónkórsins ásamt því að tryggja varðveislu á tónböndum í safni Ríkisútvarpsins með upptökum af söng Pólýfónkórsins. Félagið hefur gefið út 9 geisladiska með söng kórsins frá 2007 og haft með höndum kynningu þeirra og dreifingu. Pólýfónfélagið hefur síðan staðið að útgáfu á upptökum sem gerðar voru með kórnum.

Alls hafa komið út 15 útgáfur með flutningi Pólýfónkórsins.